



**Ávarp forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við móttöku varðskipsins Freyju**

**Siglufirði
6. nóvember 2021**

Dómsmálaráðherra,
bæjarstjóri Fjallabyggðar,
forstjóri Landhelgisgæslu Íslands,
skipherra Freyju og áhöfn,
aðrir góðir gestir.

Við fögnum komu nýs varðskips. Skipið lofar góðu, glæsilegt í alla staði og vel búið til björgunar- og gæslustarfa. Samfélag okkar breytist og þróast en eitt er og verður ætíð víst: Við búum hér á eyju úti í reginhafi, við búum í nánd við náttúruöfl sem geta verið óvægin. Í þessu landi þurfum við að vera við öllu búin. Já, þið þurfið að vera til taks, ágæta starfslið Landhelgisgæslunnar.

Og nú er hún komin til Íslands, fósturlandsins Freyja, fagra vanadís, svo að vitnað sé til lína í ljóði Matthíasar Jochumssonar. Freyja var öflug gyðja í heimi heiðni, átti meðal annars valsham sem gerði henni kleift að komast fljótt hvert sem verða vildi. Megi Freyju okkar einnig auðnast að vera skjót á vettvang þegar þörf krefur.

Síðar á þessum áratug verður öld liðin frá stofnun Landhelgisgæslu Íslands. Mörgum verkum hafa liðsmenn hennar sinnt, bjargað fólki í sjávarháska og staðið í ströngu í þorskastríðum. Freyja bætist nú í flota Gæslunnar en um leið líður að því að Týr hverfur á braut, flaggskip okkar í síðustu átökunum við útlendinga um fiskveiðar á Íslandsmiðum. Í minningu okkar og sögu munu lifa

vitnisburðir um dirfsku og þor þeirra sem gættu íslenskra hagsmuna þegar á þurfti að halda.

Margt hefur breyst í tímans rás. Gæsla landhelginnar er með öðrum hætti en áður fyrr, björgunarstörf sömuleiðis. Þegar Týr kom til landsins á sínum tíma voru sjóslys mun tíðari en um okkar daga, fjöldi manns hlaut vota gröf hér við land ár hvert. Nú líða þau sum án þess að nokkur mannskaði verði á sjó. Þessum breyttu tímum megum við svo sannarlega fagna. Megi Freyja verða farsæl í sinni þjónustu og megi gæfa og gott gengi fylgja áhöfn hennar. Megi allar góðar vættir vaka yfir þessu tilkomumikla fleyi og megi hún lifa með okkur, sú fallega sjóferðabæn sem sögð hefur verið við sjávarsíðuna í þessu landi öld fram af öld:

Guð faðir og hans sonur og hinn
heilagi andi,
sjái og signi lýði og lýði,
unga menn og gamla,
farm og fjalir,
stefnu og stýri,
þóftur og þiljur,
árar og austurtrog
og allan vorn reiða.